

Ofan nefnd gjöld getur stjórn vatnsveitufélagsins, sem leggur á skattinn, hækkað eða lækkað árlega um allt að 50%.

Reglugerð þessi, sem Vatnsveitufélag Hellu, Rangárvallasýslu, hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. júlí 1965.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

5. júlí 1965.

Nr. 157.

## AUGLÝSING

### um skipulag í Laugardalshreppi í Árnassýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Laugardalshrepps.

Þetta er hér með birti til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. júlí 1965.*

**Emil Jónsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

8. júlí 1965.

Nr. 158.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ásmundar Jónssonar skálds frá Skúfsstöðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júlí 1965.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Minningarsjóð Ásmundar Jónssonar skálds frá Skúfsstöðum.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ásmundar Jónssonar skálds frá Skúfsstöðum og er stofnaður af ekkju hans, frú Irmu Weile Jónsson í tilefni af 65 ára afmælisdegi hans, hinn 8. júlí 1964.

Stofnfé sjóðsins eru tekjur af viðhafnarútgáfu kvæðisins „Hólar í Hjaltadal“ og nemur kr. 48 400.00 — fjörutíu og átta þúsund og fjögur hundruð krónur —.

#### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja framúrskarandi nemendur, sem útskrifast úr Bændaskólanum á Hólum, til að leita sér frekari þekkingar og mennta, einkum með dvöl erlendis.

## 3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa ekkja skáldsins, sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, skólastjóri Bændaskólans á Hólum og eru þessi þrjú sjálfkjörin, og auk þeirra tveir menn tilnefndir af landbúnaðarráðuneytinu, Árni G. Eylands og dr. Kristján Eldjárn, sem einnig tilnefnir stjórnarmann eftir dag ekkjunnar og skal hann vera ættingi Ásmundar Jónssonar í föðurætt, búsettur í Skagafirði. Stjórnin ávaxtar fé sjóðsins og veitir úr honum styrki eftir því sem efni standa til hverju sinni. Stofnfé sjóðsins má þó aldrei skerða meir en svo, að sjóðurinn nemi kr. 5000.00 hið minnsta.

## 4. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 8. júlí 1965.

Nr. 159.

20. júlí 1965.

**REGLUGERÐ****um fasteignaskatt í Húsavík.**

Fasteignaskatt í Húsavík skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júlí 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. júlí 1965.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Nr. 160.

21. júlí 1965.

**SAMÞYKKT****um lokun sölubúða í Húsavík.**

## 1. gr.

Sölubúðum í Húsavík skal lokað, eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. grein samþykktar þessarar.

## 2. gr.

Alla virka daga ársins skulu sölubúðir vera lokaðar frá kl. 18 til kl. 9.00, þó skulu vera frá þessu þær undantekningar, er nú skal greina: Aðfangadag jóla skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 12. Gamlársdag kl. 12. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 24. Þriðja dag fyrir aðfangadag til kl. 11. Sölubúðum skal lokað eigi síðar en kl. 12 á laugardögum. Annan laugardag í desember er þó heimilt að hafa opnar sölubúðir til kl. 18.

## 3. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst mega engar sölubúðir vera opnar.